

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um lögbundin verkefni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum?*

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum á sér stoð í lögum um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990. Þar segir í 1. gr. að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sé háskólastofnun sem tengist læknadeild og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Í 2. gr. laga um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er tekið fram að hlutverk stofnunarinnar skuli vera m.a.:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við Matvælastofnun og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
5. Að annast endurmenntun dýralækna eftir því sem aðstæður leyfa og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við Matvælastofnun.
6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniöðnaðar í landinu.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárheimild til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020, sbr. auglýsingu nr. 1379/2019 í B-deild Stjórnartíðinda, er 570,1 millj. kr. að frádregnum sértekjum að fjárhæð 208,2 millj. kr. Fjárveitingar eru ekki sundurliðaðar eftir lögbundnum verkefnum stofnana í fjárlögum. Eftirfarandi skipting á viðföng kemur fram í fylgiriti með fjárlögum:

02-202	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	570,1
02-202.101	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	557,4
02-202.601	Tæki og búnaður	12,7